

Eru allir grunnskólar eins?

Guðmundur B. Arnkelsson
Háskóli Íslands

Einar Guðmundsson
Rannsóknastofnun uppeldis- og
menntamála

Frammistaða nemenda á samræmdum prófum í 7. bekk er misjöfn eftir skólum og skólaumdæmum. Þennan mismun má hugsanlega rekja til skólustarfs og ber þá vott um misjöfn gæði íslenskra grunnskóla. Á hinn bóginn geta þættir í umhverfi skólans og eiginleikar nemenda sjálfra haft áhrif á meðaleinkunnir skóla.

Útiloka má ýmsa þætti aðra en gæði skólustarfs með því að skoða framfarir milli 4. og 7. bekkjar í stað meðaleinkunna skóla. Áhrif margra mikilvægra þátta koma fram strax í upphafi náms, svo sem námshæfni nemenda, staðsetning skólans og stuðningur og viðhorf foreldra og samfélags.

Áhrif ýmissa atriða tengdum skólustarfi gæti sennilega stöðugt, svo sem kennsluhátta, stjórnunar skólans, starfsáherslna og metnaðar fyrir hönd nemenda. Þau ættu því að stuðla að framförum nemenda milli ára, mismikilla eftir vægi þeirra hjá einstökum skólum.

Myndin til hliðar sýnir mat á framförum nemenda í einum skóla. Punktalínan, landslínan, gefur til kynna meðalframfarir í íslensku milli 4. og 7. bekkjar fyrir alla íslenska nemendur. Einstakir nemendur eru sýndir með punktum og auðkennt með lit hvort þeir taka svipuðum, minni eða meiri framförum en nemendur almennt. Bláa óbrotna línan, skólalínan, sýnir meðalframfarir nemenda viðkomandi skóla.

Fjarlægð skólalínunnar frá landslínunni við landsmeðaltalið í 4. bekk gefur til kynna þær framfarir, umfram meðalframfarir á landinu öllu, sem meðalnemandi tæki í viðkomandi skóla. Þessi fjarlægð er því staðlaður mælikvarði á framfarir skólans óháður samsetningu nemendahópsins.

Myndin til hliðar sýnir framfarir einstakra skóla, umfram það sem gerist almennt á landinu öllu. Hún ber það með sér að framfarir skóla falla á tiltölulega þröngt svið. Helmingur skóla nær framförum á bilinu -1 til $+1,4$. Þorri annarra skóla er á bilinu $-2,7$ til $+3,5$. Þar fyrir utan falla fjórir skólar. Sá sem er með minnstar framfarir er $6,1$ einingu undir og sá sem mestum framförum nær er $5,1$ einingu yfir landslínunni.

Nota má ýmsar aðferðir til að meta þennan breytileika skólanna. Cohen (1988) myndi telja miðlungs mun á fjarlægðinni $-2,7$ til $+3,5$. Í samræmi við það mun nemandi skóla með stuðulinn $+3,5$ ná í 73% tilvika meiri framförum en nemandi í skóla með stuðulinn $-2,7$ (McGraw & Wong, 1992).

Einfaldast er þó að skoða áhrif mismunandi framfara á námstöðu nemenda miðað við að meðaleinkunn skóla sé jöfn landsmeðaltalinu. Myndin til hliðar sýnir að hlutfall „góðra“ og afburðanemenda eykst úr 10% upp í 26% og hlutfall slakra og nemenda í miklum námsvanda minnkar úr 23% niður í 9% við það að mælikvarði á framfarir skólans fari úr $-2,7$ upp í $+3,5$. Ólíkar framfarir skólanna leiða því til umtalsverðra breytinga á frammistöðu nemenda.

Þessi umtalsverði munur á framförum skóla yfir þriggja ára tímabil gefur sterklega til kynna að þættir tengdir skólustarfinu sjálfu hafi mikil áhrif á meðalframmistöðu skólanna. Því má álykta að gæði skólustarf séu misjöfn. Á hitt er einnig að líta að munur á framförum skóla er mun minni er munur meðaleinkunna. Það bendir til þess að ólík aðstaða grunnskóla hafi einnig áhrif á frammistöðu þeirra.

Cohen, J. (1988). *Statistical power analysis* (2. útgáfa). Hillsdale, NJ: Erlbaum.
McGraw, K., & Wong, S.P. (1992). A common language effect size statistic. *Psychological Bulletin*, 111, 361–365.

